

HLUTHAFAFUNDUR

9. SEPTEMBER Í HÖRPU

Stjórn Regins hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Rímu fundarsal, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 9. september 2020 og hefst stundvíslega kl. 16:00

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutafjár.

Stjórn Regins hf. leggur til breytingar á 4. gr. samþykktta félagsins þess efnis að við greinina bætist heimild til handa stjórn félagsins til að auka hlutafé þess um allt að kr. 40.000.000 að nafnverði. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Heimildin skal falla niður þann 10. mars 2021.

2. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Óskað er eftir að umboð berist Regin fyrir dagsetningu hluthafafundar á reginn@reginn.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á hluthafafund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboð m.t.t. gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrir er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en ein vika er til hluthafafundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til 18. gr. samþykktta félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.reginn.is/fjarfestavefur.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins www.reginn.is.

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann, sbr. 16. gr. samþykktta félagsins.

Gögn vegna fundarins eru aðgengileg á skrifstofu félagsins í Smáralind, 1. hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi og á vefsvæði tengt hluthafafundi á heimasíðu félagsins www.reginn.is/fjarfestavefur en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengileg a.m.k. viku fyrir hluthafafund, sbr. 18. gr. samþykktta félagsins. Hluthafafundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 19. ágúst 2020.
Stjórn Regins hf.